

Forsætisnefnd

Vísað er til erindis Félagsbústaða hf dags. 4. mars sl. og afgreiðslu borgarráðs 14. mars sl. og lagt til að borgarstjórn samþykki að veita veðheimild í útsvarstekjum Reykjavíkurborgar til tryggingar á ábyrgð á lántöku Félagsbústaða hf hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. með eftirfarandi bókun:

"Borgarstjórn Reykjavíkurborgar samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Félagsbústaða hf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að nafnvirði 3.000 m.kr. til 36 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Ábyrgð þessi er veitt sbr. heimild í 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og veitir sveitarstjórnin lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og verðbótum auk hvers kyns innheimtukostnaðar. Lánið er tekið til að fjármagna kaup á félagslegu húsnæði og til uppgreiðslu óhagstæðra lána Félagsbústaða hf. sem tekin voru til kaupa og viðhalds á félagslegu húsnæði, sem fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutfélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Borgarstjórn Reykjavíkurborgar skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Félagsbústaða hf. til að selja ekki eignarhlut sinn í Félagsbústöðum hf. til einkaaðila, í heild eða að hluta, fram til þess tíma að lán þetta er að fullu greitt.

Fari svo að Reykjavíkurborg selji eignarhlut í Félagsbústöðum hf. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Reykjavíkurborg sig til þess að tryggja að samhliða yfirtaki nýr eigandi ábyrgð á láninu í hlutfalli við eignarhlut sinn í félaginu.

Jafnframt er Birgi Birni Sigurjónssyni, kt. 200249-2169 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja f.h. Reykjavíkurborgar veitingu ofangreindrar ábyrgðar og veðsetningar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrimæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu ábyrgðar þessarar".

Vísað til erindis og greinargerðar félagsins og umsagnar fjármálaskrifstofu varðandi rökstuðning.

Dagur B. Eggertsson,
borgarstjóri